

Mánudagur, 7. apríl kl 9:00

Fjarfundur

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir, (SÍM), Hannes Sigurðsson, (Listfræðifélag Íslands), Hlynur Helgason, (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Tilefnið að þessum aukafundi Myndlistarráðs er að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið að veita sérstaka aukafjárveitingu til myndlistar vegna afleiðinga heimsfaraldurins Covid 19 til að bregðast við tekjutapi listamanna.

1. Aukaúthlutun Myndlistarráðs vegna Covid19

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fengið Myndlistarráði það hlutverk að veita þessum fjármunum eins og best er á kosið.

Hagkvæmast þykir að nýta þær leiðir sem eru nú þegar viðhafðar hjá sambærilegum miðstöðvum til úthlutunar á þessum auka styrkveitingum, þ.e.a.s. í gegnum Hönnunarsjóð, Tónlistarsjóð, Kvikmyndasjóð og Myndlistarsjóð.

Myndlistarsjóður mun þó vinna undir öðrum formerkjum en venja er. t.d. verði hægt að sækja um styrk fyrir launum, leigu á vinnustofu og efniskaupum sem annars hefur ekki verið í boði hjá Myndlistarsjóði samkvæmt núgildandi reglum. Jafnframt var lagt til að Myndlistarráð muni sitja í úthlutunarnefnd og ekki verði tilnefnd sérstök matsnefnd.

Þar sem langflestum verkefnum listamanna (sýningum, viðburðum, rannsóknarferðum ofl.) hefur verið frestað um ófyrirsjáanlega tíma, þá yrði þessi aukaúthlutun hugsuð til að styðja við listamenn. Listamenn hafa einnig misst tekjur af sölu á myndlist sem og tekjur af verktakalaunum sem margir listamenn reiða sig á. Því verði ekki um verkefnastyrki að ræða. Þá var ákveðið að styrkirnir yrðu auglýstir sem einstaklingstyrkir en ekki hugsaðir fyrir hópa og aðeins um eina upphæð að ræða.

Listamenn geta sótt um með því að gera grein fyrir hvað þeir eru að vinna að óháð því hvort sé verið að vinna að sýningu eða ákveðnu verkefni.

Ákveðið var að nota síðu Myndlistarsjóðs með tímabundnu umsóknarformi, þar sem listamenn sækja um með stuttri greinargerð (200 orð), kostnaðaráætlun, ferilskrá og/eða vísað í heimasíðu.

Ekki var hægt að ákveða næsta fund að svo stöddu þar sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki ákveðið hvenær af úthlutunum verði eða hvernig fjármunum verði deilt niður.

Fundi slitið kl: 10:00